

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1996.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.***LÖG****um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna hljóðar svo:

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar og skulu þeir skipaðir af ráðherra til 1. janúar 1999. Landssamtökin Þroskahjálpi og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjú og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skal héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar. Svæðisráð skal kveðja á sinn fund fólk með sérþekkingu á skólamállum þegar ástæða er til.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna hljóðar svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðis-skrifstofa til 1. janúar 1999 að fenginni umsögn svæðisráða.

3. gr.

Í stað 3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir er hljóða svo: Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

4. gr.

2. málsl. 4. tölul. 40. gr. laganna hljóðar svo: Styrkur þessi má ná til alls framlags framkvæmdaraðila.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. og 3. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal eftir gildistöku þessara laga gera ráðstafanir til að undirbúa yf-irfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og skipa verkefnisstjórn/stjórnir í því skyni. Við undirbúninginn skal huga að réttindagæslu fatlaðra.

Yf-irfærsla málaflokksins komi til framkvæmda 1. janúar 1999, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt:

- a. ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
- b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
- c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

31. desember 1996

Nr. 162

LÖG

**um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar
fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna
fjárfestingarbankanum til umhverfismála
í grannhéruðum Norðurlandanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 330.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin.

2. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 1.100.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgðir skv. 1. og 2. gr. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta breytingar á 6. gr. samþykkt bankans með því að bæta við greinina c-lið um lán til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.